

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 4 á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Frá og með 10. febrúar 1965 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. janúar 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

25. janúar 1965.

Nr. 12.

REGLUGERÐ

um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum.

1. gr.

1. Í reglum þessum miðast afköst kælikerfa í hitaeyningum við kílógrammkaloríur á klukkustund (kcal/h) og kæling fari fram við $-15^{\circ}/+30^{\circ}/\div 25^{\circ}\text{C}$.

Kælimiðlar.

2. gr.

1. Helztu kælimiðlar eru sem hér segir:

Nafn kælimiðils	Efnafræðitákn	Sameindarþungi
Ammoniak	NH ₃	17.0
Diklordifluormetan (F12)	CCl ₂ F ₂	120.9
Diklormetan (Carrene nr. 1)	CH ₂ Cl ₂	84.9
Triklormonofluoroetan (Carrene nr. 2) (F11)	CCl ₃ F	137.4
Triklortrifluormetan (F113)	C ₂ Cl ₃ F ₃	187.4
Diklormonofluormetan (F21)	CHCl ₂ F	102.9
Monoklordifluormetan (F22)	CHClF ₂	86.5
Metylklorid	CH ₃ Cl	50.5
Brennisteinssýrlingur	SO ₂	64.1
Dikloretylen	C ₂ H ₂ Cl ₂	96.9
Etylklorid	C ₂ H ₅ Cl	64.5
Metylformiat	HCOOCH ₃	60.1
Kolsýra	CO ₂	44.0

2. Aðra kælimiðla en þá, sem hér hafa verið taldir upp, má ekki nota nema að fengnu leyfi öryggismálastjóra.

3. gr.

1. Varabirgðir kælimiðils skal einungis geyma á þar til gerðum stálflöskum.
2. Þegar kælimiðill er settur á flösku, skal gæta þess vandlega að fylla hana í samræmi við áletrun hennar. Magn kælimiðils á flösku er fundið með því að fylgjast með þungaaukningu hennar.

3. Ekki má geyma meira af varabirgðum kælimiðils en nauðsynlegt getur talizt rekstraröryggis vegna, að dómi Öryggiseftirlits ríkisins.
4. Varabirgðir kælimiðils skulu geymdar í sérstakri geymslu, þar sem engir hlutar kerfisins eru. Í vélasal má aldrei geyma meira en tvær flöskur af kælimiðli.

4. gr.

1. Ef kælimiðlar, sem ekki hafa sterka lykt og ekki geta talizt ósagnæmir, eru notaðir, skal blanda í þá viðvörunarefni, sem viðurkennt er af Öryggiseftirliti ríkisins.

5. gr.

Gerð kælikerfis.

1. Á þjöppu kælikerfis skal vera merkisþjald úr varanlegu efni og á það greinilega letrað nafn framleiðanda, gerðarmerki og framleiðslunúmer vélarinnar og hvaða kælimiðil vélin á að nota.
2. Sérhver hluti kælikerfis skal vera smíðaður í samræmi við viðurkenndar reglur eins og þær gerast í handbókum. Við útreikning styrkleika á hylkjum skal leggja til grundvallar þrýsting, sem er 0.8 sinnum raunþrýstingur samkv. grein 19.3.

6. gr.

1. Frystiþjöppur með meiri en 20.00 kcal/h afköst skulu hafa öryggisloka, sem opni milli sog- og þrýstihliðar þjöppunnar eða opni frá þrýstihlið beint undir bert loft, þannig að þrýstingurinn í kerfinu geti ekki farið fram úr eimþrýstingi við $\div 40^{\circ}\text{C}$.
2. Á sérhverjum geymi eða hylki, sem er í kælikerfi og hægt er að loka frá kerfinu, skal vera öryggistæki, sem tryggi það, að þrýstingurinn geti aldrei farið fram úr 85% af eimþrýstingi við $\div 40^{\circ}\text{C}$. Ef rúmtak hylkis er meira en 200 lítrar, skulu öryggistæki vera tvö hvort öðru óháð, og skulu þau vera öryggisloki og sprengiplata eða tvöfaldur öryggisloki. Hvort öryggistæki um sig skal geta haldið þrýstingnum innan hinna ákveðnu takmarka.
3. Ljósop öryggistækis skal ákveðast samkvæmt líkingunni $a = F \cdot \frac{\sqrt{M}}{P_1}$

$$P_1$$

fyrir alla kælimiðla, sem taldir eru í 2. grein, nema kolsýru, en þá skal hún

$$\text{vera } a = 2F \cdot \frac{\sqrt{M}}{P_1}$$

Þar sem

$a =$ ljósopið í cm^2 .

$F =$ yfirborðsflatarmál í m^2 þeirra hluta kerfisins, sem öryggistækið verndar.

$M =$ sameindþungi kælimiðilsins.

$P_1 =$ raunþrýsingur $\div 1$.

Ljósopið skal þó aldrei vera minna en 0.2 cm^2 .

4. Frá öryggistæki skal liggja útblásturspípa út úr húsinu og skal pípan vera þannig, að ekki stafi hætta af útstreymi vökva eða eimi kælimiðils.
5. Op útblásturspípunnar skal vera í minnsta kosti 2 metra fjarlægð frá gluggum, dyrum, brunastiga, reykþáf, loftinntaki eða umferðaleiðum og minnst 5 metra yfir jörðu. Pípuendinn skal vísa upp og yfir honum vera hetta úr ryðfríu efni með 5–10 mm stærra þvermáli en ytra þvermál pípunnar. Sama útblásturspípa getur legið frá meira en einu öryggistæki.

6. Ef kælímiðill er ammoníak eða brennsteinssýrlingur, er æskilegt, að útblásturspípan endi í loftræstum geymi, sem í er ísogsvökvi. Ef kælímiðill er ammoníak, skal ísogsvökvi vera hreint vatn, sem þá má ekki nota til annars en ísogs ammoníaks. Magn ísogsvökva skal vera að minnsta kosti 8.5 lítrar hreint vatn á móti hverju kg ammoníaks í kerfinu. Hindrað skal, að vatnið í geyminum geti frosið, án þess að nota salt eða önnur efni. Allar pípur í geyminn skulu ganga niður í gegnum hann. Útblásturspípur frá öryggislokum skulu blása ammoníakinu út í miðjum geymi nálægt botni. Ef kælímiðill er brennisteins-sýrlingur, skal ísogsvökvi vera saltupplausn (brine), sem þá má ekki nota til neins annars en ísogs brennisteins-sýrlings. Blöndun saltupplausnar skal vera 1 kg natrium dikrómat í 3.35 l vatns. Magn ísogsvökva skal vera að minnsta kosti 8.5 lítrar saltupplausnar á móti hverju kg brennisteins-sýrlings í kerfinu. Allar pípur í geyminn skulu ganga niður í gegnum hann. Útblásturspípur frá öryggislokum skulu blása brennsteinssýrlingnum út í miðjum geymi nálægt botni.
7. Þvermál útblásturspípunnar í mm skal reiknað út samkvæmt eftirfarandi líkingu:

$$d = 9.1 \quad 5 \quad L \cdot F^2 \quad M$$

$$(0.6 \cdot P_1)^2 - 1$$

Þar sem

d = þvermál útblásturspípunnar í mm

L = lengd pípunnar í m

F = yfirborðsflatarmál \cdot m² þess hluta kælikerfis, sem verndað er af viðkomandi öryggistæki.

M = sameindapungi kælímiðils.

P_1 = raunþrýstingur \div 1

Til þess að auðvelda lausn þessarar líkingar fylgir eftirfarandi tafla með gildum á

$$(0.6 \cdot P_1)^2 - 1$$

Kælímiðill	Efnafræðiheiti	M	
		$(0.6 \cdot P_1)^2 - 1$	Raunþrýstingur í kg/cm ²
Ammoníak	NH ₃	0.0494	30
F12	CCl ₂ F ₂	1.038	18
Carréne nr. 1	CH ₂ Cl ₂	15.4	3.5
F11	CCl ₃ F	21.8	3.5
F113	C ₂ Cl ₃ F ₃	29.8	3.5
F21	CHCl ₂ F	12.86	4
F22	CHClF ₂	0.268	30
Methylklorid	CH ₂ Cl	0.525	15.5
Brennisteins-sýrling	SO ₂	1.245	11
Dikloretylen	C ₂ H ₂ Cl ₂	15.4	3.5
Etylklorid	C ₂ H ₅ Cl	10.24	3.5
Metylformit	HSO ₃ H	9.6	3.5
Kolsýra	CO ₂	0.0121	100

Þvermál skal þó aldrei vera minna en 10 mm.

8. Ef bullupjappa með 1000—20.000 kcal/h afköstum er þannig fyrirkomið í kerfinu, að sambandinu milli hennar og eimsvalans verði lokað, skal á þjöppunni vera öryggistæki, sem ekki er hægt að loka eða öryggisrofi, sem stöðvar

þjöppuna, ef þrýstingurinn fer fram úr mesta leyfilegum þrýstingi samkv. 1. málsgrein þessarar greinar. Slíkur öryggisrofi skal vera á öllum vatnskældum kerfum og loftkældum kælikerfum með meira en 20.000 kcal/h afköst.

9. Á isogskerfum (absorbionskerfum) skal vera yfirþrýstivar, sem hindri, að þrýstingurinn fari fram úr því, sem hann má vera mestur samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar.

7. gr.

1. Sérhvert kælikerfi með meira en 5000 kcal/h afköstum skal hafa einn eða fleiri þrýstimæla með greinilegu merki við 85% af eimþrýstingi við $\pm 40^{\circ}\text{C}$.

8. gr.

1. Kælikerfi með meira en 5000 kcal/h afköstum skulu hafa sjálfvirka loka við hæðarglös á hylkjum fyrir kælimiðil eða olíu. Hlíf, sem komi í veg fyrir tjón af glösum, sem kunna að brotna, skulu og vera um öll hæðarglös. Ekki þarf þó hlíf eða sjálfvirka loka við þykk, flöt hæðarglös.
2. Ef þjappa í kælikerfi er með meira en 50.000 kcal/h afköstum skal þannig frá gengið, að hægt sé að stöðva þjöppuna frá stað utan vélasalar.

9. gr.

1. Loftræstingu í vélasal skal þannig fyrir komið, að óhreina loftið streymi út niður við gólf við alla kælimiðla nema ammoniak, þá skal það streyma út uppi við loft eða á hæsta stað í salnum.
2. Soggöng fyrir mengað loft skulu vera úr eldtraustu efni og úti skulu þau enda í hæfilegri fjarlægð frá reykhláf, opnanlegum gluggum, útgöngudyrum og umferðarleiddum.
3. Öf það, sem hreina loftið streymir inn um, skal og vera í hæfilegri fjarlægð frá þeim stað, sem óhreina loftið streymir út um. Sé þess kostur, skulu opin vera á gagnstæðum hornum vélasalar.
4. Rofar fyrir vélknúin loftræstingartæki skulu vera utan vélasalar.
5. Eftirfarandi tafla sýnir nauðsynlegt ljósop loftræstinganga og loftmagn á klst. miðað við magn kælimiðils í stærsta kælikerfi í vélasal, ef fleiri en eitt kerfi er.

Magn kæli- miðils í kg	Vélknúin loftræsting		Loftræsting án vélaafis
	Loftmagn m ³ /klst.	Ljósop loft- ræstinganga í m ²	Ljósop loft- ræstinganga í m ²
10	240	0.025	0.4
100	1200	0.070	1.4
1000	5000	0.250	4.0
10.000	25.000	0.800	13.0

Undanþegið ákvæðum greinar þessarar eru vélasalir, þar sem eru algerlega lok-
uð, sjálfvirk kerfi.

10. gr.

1. Á vélasölum skulu vera tvennar dyr, sem helzt skulu vera í gagnstæðum end-
um, og skulu aðrar veita útgönguleið beint út úr húsinu undir bert loft. Út-
gönguleiðir skulu vera tálmunarlausar og hurðir opnast út. Hurðir, sem vita
inn í aðra hluta hússins, skulu falla sjálfar að stöfum.
2. Kælikerfi, sem sett eru upp eftir að reglur þessar taka gildi og afkasta meira
en 20.000 kcal/h, skulu vera í sérstöku eldtraustu herbergi. Hurðir í dyrum
skulu einnig vera úr eldtraustu efni.
3. Eldstæði mega ekki vera í vélasal eða herbergjum, þar sem eru pípur eða tæki
með kælimiðli í.

4. Á utanverðum hurðum í dyrum til vélasalar kælikerfis skal vera spjald með greinilegri áletrun, sem gefi til kynna hvaða kælimiðill er notaður í kerfinu.
5. Ef afköst kælikerfis eru meira en 250.000 kcal/h, mega vélar þess og geymar tilheyrandi því ekki vera í kjallara eða rými, sem er yfir eða undir vinnusölum eða geymslurými, þar sem aðrir en gæzlumenn kerfisins eiga að jafnaði erindi um.

Þó mega þau frystihús, sem reist hafa verið fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, starfa áfram án breytinga, þótt þessum skilyrðum sé ekki fullnægt að öllu leyti, enda sé þannig frá gengið, þar sem geymslur, vinnusalir eða annað íverurými er yfir eða undir vélasölum, að loft á milli sé úr járnbentri steinsteypu og alveg lokað. Þó má aldrei hafa íbúðarherbergi yfir vélasölum.

6. Ef afköst kælikerfis eru 50.000 kcal/h eða meira skal í eða við vélasalinn vera klefi fyrir vélgæzlumann. Skal á klefanum vera stór gluggi með öryggisglerti þannig staðsettur, að gegn um hann sjáist til vélanna og helztu mæla kerfisins.

Öryggisbúnaðar í frystitækjaklefum.

11. gr.

1. Allar öryggisráðstafanir um vélasal samkvæmt 9. grein skulu gilda jafnt um frystitækjaklefa.
2. Enn fremur það, sem sagt er um útgöngudyr í grein 10. 1, nema eigi er nauðsynlegt, að aðrar hvorar útgöngudyr viti út úr húsinu.
3. Gluggar í frystitækjaklefum skulu þannig gerðir, að sólarljós geti ekki skinið beint á tækin.

Öryggisbúnaður í kæli- og frystiklefum.

12. gr.

1. Sérhver kæli- eða frystiklefi skal hafa hurðir, sem opnast út og eru búnar slíkum læsingum, að þær verði opnaðar bæði utan og innan frá.

13. gr.

1. Sérhver kæli- eða frystiklefi skal vera vel lýstur.
2. Ef gólfhlötur kæli- eða frystiklefa er meiri en 25 m² skulu í honum vera minnst 2 ljós hvort á sinni vargrein. Rofar fyrir ljós skulu vera í klefanum og þannig tengdir, að um leið og ljós er kveikt kvikni á rauðu ljósi utan við inngöngudyr hans. Skal rauða ljósið loga meðan ljós logar í klefanum.

14. gr.

1. Í sérhverjum kæli- eða frystiklefa, skal vera hringingakerfi, svo að hægt sé að gefa merki frá klefanum og skal bjallan vera þar sem hringingin heyrst örugglega og umferð er eða menn halda sig að staðaldri.
2. Við bjölluna skal vera spjald með greinilegri áletrun, sem gefi til kynna hvað hringingin merki og hvað gera beri, er hringt er. Við bjölluna skal og vera ljósakerfi, sem í er eitt ljós fyrir hvern klefa hússins og gefi til kynna hvaðan hringt er.
3. Snertlar hringingarkerfis skulu vera innan við dyr klefa sem næst hurðarlæsingu. Í stórum kæli- eða frystiklefum skulu vera aukasnertlar og skal fjarlægð milli þeirra vera sem næst 10 m mælt í beinni loftlínu. Hleðslu í klefum skal haga þannig, að allir snertlar séu aðgengilegir. Hæð snertla frá gófli skal vera nálægt 1.20 m.

4. Snertlar skulu vera upplýstir og við þá skal vera spjald með orðinu „neyðar-bjalla“.
5. Snertill skal vera þannig gerður, að hringinguna sé ekki hægt að rjúfa, nema með lykli, sem geymdur er við bjölluna.
6. Hringingarkerfi skal að jafnaði fá rafmagn frá rafkerfi hússins, en þó skal tenging þess vera þannig, að rofni straumur af húsinu, skal hringingarkerfi sjálfkrafa fá straum frá sérstöku rafgeymakerfi. Skal þetta gilda um allt hringingarkerfið, jafnt sambandið milli snertla og bjöllu, sem ljósin við bjöllu og snertla. Eigi sjaldnar en vikulega skal próf rafgeyma- og hringingarkerfi.

Sérstök ákvæði um kælikerfi í húsum, þar sem mannaumferð er mikil.

15. gr.

1. Í leikhúsum, kvikmyndahúsum, samkomuhúsum, verzlunarhúsum og öðrum húsum, þar sem menn safnast saman eða mannaumferð er mikil, má ekki setja upp kælikerfi, sem notar kælimiðil, sem er eldfimur eða eitruður.
2. Ekki mega vélar, tæki eða pípur, kælikerfis vera í samkomusölum, búningsherbergjum, snyrtiklefum eða öðrum herbergjum, þar sem umferð er að staðaldri. Undanþegin ákvæði þessu eru þó kælikerfi, sem eru minni en 2000 kcal/h.
3. Ekki má vélaherbergi kælikerfis vera beint undir samkomusal eða leiksviðsgólfi. Vélaherbergi skulu vera gasþétt og algerlega aðskilin frá öðrum herbergjum og göngum hússins, þar sem mannaumferð er mikil.
4. Vélaherbergi skal loftræsta svo sem sagt er í 9. grein.

Gæzla og eftirlit.

16. gr.

1. Gæzlumaður kælikerfis skal vera fullra 18 ára og hljóta viðurkenningu öryggismálastjóra til starfsins.
2. Gæzlumanni kælikerfis er skylt að kynna sér ýtarlega reglur þær, sem gefnar eru í leiðbeiningum um meðferð kerfisins, sbr. grein 20.3.
3. Ekki má gæzlumaður kælikerfis fara út úr vélasala fyrstu 15 mínúturnar eftir að vélar kerfisins hafa verið ræstar og hann hefur gengið úr skugga um, að þær gangi eðlilega.
4. Ef þjöppukerfi er ekki með sjálfvirkum lokum, má ekki ræsa vélina fyrr en húsið er að opna loka í þrýstihlið hennar og opna nægilega fyrir kælivatn kerfisins.
5. Gæzlumaður skal þegar lagfæra alla þá galla, sem hann verður var við á kerfinu eða tilkynna þá eiganda kerfisins eða umboðsmanni hans, verði ekki bætt úr gallanum án þess að stöðva reksturinn.
6. Verði leka vart á kælikerfi, skal strax stöðva hann, en sé þessi ekki kostur, skal þegar stöðva þjöppuna.
7. Verði mikið útstreymi kælimiðils í vélasal, skal þegar stöðva þjöppuna, loka öllum dýrum, sem eru milli vélasalar og annarra herbergja í húsinu og loftræsta síðan vélasalinn rækilega.
8. Ef kælikerfi hefur meira en 100.000 kcal/h afköst skulu ávallt vera til greinilegar tengimyndir af öllum lögnum og hlutum, sem tilheyra kerfinu. Sé kerfinu breytt, skal breyta tengimyndum í samræmi við það. Eiganda kerfisins er skylt að sjá um, að þessu ákvæði sé framfylgt og tengimyndir séu varðveittar í klefa gæzlumanns.

17. gr.

1. Kælikerfi í íbúðarhúsum til afnota fyrir meira en eina fjölskyldu skulu skoðuð á 6 mánaða fresti af manni, sem til þess hefur næga sérþekkingu, og viðurkenndur er af öryggismálastjóra til starfsins.
2. Sams konar skoðun skal fara fram á 12 mánaða fresti á kerfum, sem hafa meira en 1000 kcal/h afköst.
3. Ef samanlögð afköst kælikerfa í frystihúsi eru meiri en 100.000 kcal/h, má fela einum starfsmanni þess eftirlitið, enda hafi hann til þess næga þekkingu og hlotið viðurkenningu öryggismálastjóra til þess.
4. Hafi kælikerfi, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar, ekki verið í notkun í 6 mánuði eða lengur, skal það skoðað, áður en það er tekið í notkun á ný.
5. Allir gallar, sem koma í ljós við skoðun, skulu þegar lagfærðir, en sé þess ekki kostur, skal þegar stöðva rekstur kerfisins.
6. Sá, sem framkvæmir skoðun á kælikerfi, ritar niðurstöður hennar í véladagbók fyrirtækisins og staðfestir bókunina með undirskrift sinni (sbr. 21. grein).

18. gr.

1. Ef kælikerfi hefur meira en 50.000 kcal/h afköst, skulu fylgja því eigi færri en tvær öndunarhlífar, sem öryggiseftirlitið hefur viðurkennt. Ef afköst kælikerfis eru 5000—50.000 kcal/h skal fylgja því eigi minna en ein öndunarhlíf.
2. Undanþegin ákvæðum 1. málsgreinar eru lokuð kælikerfi og kælikerfi með allt að 50.000 kcal/h afköstum, sem nota kolsýru eða Freon sem kælimiðil.
3. Ef kælimiðill kælikerfis er kolsýra eða Freon, skal öndunarhlífin vera af fersklofts- eða hringrásargerð.
4. Ef kælikerfi hefur meira en 5000 kcal/h afköst og notar sem kælimiðil ammoniak, brennisteinssýrting, klormetyl eða lík efni, sem eru hættuleg augum, skal gríma öndunarhlífarinnar vera heilgríma, sem jafnframt verndar augun.
5. Öndunarhlífar skulu geymdar í hylki, sem verndar þær gegn ryki og á aðgengilegum stað, þar sem þær verða ekki fyrir raka eða of miklum hita. Skal geymslustaður öndunarhlífa að jafnaði vera utan vélasalar, en í námunda við hann. Fylgjast skal með því, að öndunarhlífar séu ávallt í nothæfi ástandi og að síur þeirra verði ekki of gamlar.
6. Öndunarhlífar skulu ávallt notaðar ef vinna sú, sem verið er að framkvæma getur orsakað útstreymi kælimiðils, svo sem við opnun hlemma, rannsókn á þjöppu, pípum eða lokum og við eftirlit þéttidósa o. s. frv.
7. Ef afköst kælikerfis eru meira en 50.000 kcal/h skal að minnsta kosti einu sinni á ári æfa gæzlumenn kerfisins í notkun öndunarhlífa.
8. Ammoniakkerfum skulu fylgja leður- eða gúmmíhanzkar.

Prófun.

19. gr.

1. Nýtt kælikerfi eða kælikerfi, sem hefur hlotið mikla viðgerð eða verið breytt verulega, skal standast þéttleikaprófun, og skal hún framkvæmd af manni, sem til þess hefur næga þekkingu og viðurkenndur er af öryggismálastjóra til þess.
2. Öryggiseftirlit ríkisins getur krafist þéttleikaprófunar samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, hvenær sem því þykir ástæða til.
3. Allir hlutar kælikerfis, sem kælimiðill fer um, skulu þrýstiprófaðir áður en þeir eru settir í kerfið og gildir þetta jafnt um nýja, viðgerða og breytta hluta. Raunþrýstingurinn skal að minnsta kosti nema tvöföldum eimþrýstingi viðkomandi kælimiðils við 40°C, þó skal hann aldrei vera minni en 3.5 kg/cm² á mæli. Raunþrýstingur helztu kælimiðla er gefinn í töflu í 6. grein.

4. Undanþegin þrýstiprófun eru mælitæki og viðkvæm stillitæki með belg- eða blöðkubéttingum.
5. Þrýstiprófun skal framkvæmd af fulltrúa öryggiseftirlitsins eða manni, sem öryggismálastjóri viðurkennir til þess. Að lokinni þrýstiprófun skal gefið út vottorð um árangur hennar. Á öllum hylkjum skal vera varanleg áletrun, sem greini nafn framleiðanda, raunþrýsting og dag þann, sem þrýstiprófun fór fram.

Tilkynningarskylda, eftirlit o. fl.

20. gr.

1. Sá, sem setur upp kælikerfi, ber ábyrgð á því, að einstakir hlutar kerfisins og allur frágangur þess uppfylli kröfur þær, sem gerðar eru í reglum þessum og að fyrirskipaðar prófanir hafi farið fram.
2. Ef afköst kælikerfis eru meira en 5000 kcal/h, skal sá, sem setur kerfið upp, tilkynna Öryggiseftirlitinu um kerfið, áður en hann afhendir það til notkunar. Tilkynningunni skulu fylgja fullkomnar upplýsingar um tegund, stærð og fyrirkomulag kerfisins og prófanir skv. grein 19. 1. Tilkynningareyðublöð fást hjá Öryggiseftirlitinu.
3. Ef afköst frystikerfis eru meira en 1000 kcal/h skal seljandi láta fylgja því greinilegan leiðarvísi um meðferð og gæzlu kerfisins og skal leiðarvísirinn vera á íslenzku. Leiðarvísir þessi skal vera í vörzlu gæzlumanns kerfisins.

21. gr.

1. Sérhvert eftirlitsskylt kælikerfi skal hafa véladagbók viðurkennda af Öryggiseftirlitinu.

22. gr.

1. Ef kælikerfi, sem hefur meira en 5000 kcal/h afköst laskast svo, að kælimiðill streymir út, skal þegar tilkynna það Öryggiseftirlitinu og engar aðrar en óhjákvæmilegar breytingar má gera fyrr en að fengnu leyfi Öryggiseftirlitsins.

23. gr.

1. Ef ástand kælikerfis eða einstakra hluta þess er þannig, að Öryggiseftirlit ríkisins telji hættu geta stafað af, getur það stöðvað rekstur þess.

24. gr.

1. Öryggismálastjóri getur í samráði við öryggisráð gefið undanþágur frá ákvæðum reglna þessara, ef um kælikerfi af sérstakri gerð er að ræða eða kerfi, sem notast eiga í sérstöku augnamiði og trygging er fengin fyrir því, að það rýri á engan hátt öryggi.

Bráðabirgðaákvæði.

25. gr.

1. Svo fljótt sem við verður komið eftir að reglur þessar ganga í gildi, skal gera allsherjar skoðun á frystikerfi samkvæmt 17. gr. og þá jafnframt framkvæmdar þær prófanir, sem kunna að þykja nauðsynlegar.

26. gr.

1. Frystikerfi, sem í notkun eru þegar reglugerð þessi gengur í gildi, skulu fyrir árslok 1968 vera búin öllum þeim öryggistækjum, sem krafist er í reglugerðinni.
2. Hylki öll í slíkum kerfum, svo sem soghylki, móttökuhylki, safnhylki, svo og olíuskiljur og eimsvala, sem ætla má, að ekki standist prófun samkvæmt 19.

gr., skal prófa með 15 kg/cm² raunþrýstingi og standist þau þá prófun, mega þau vera í kerfinu til ársloka 1968, en skulu að öðrum kosti þegar í stað endurnýjuð. Öll slík hylki skulu þó hafa verið endurnýjuð fyrir 1. janúar og eftir þann tíma öll hylki í frystikerfum geta staðist raunþrýsting samkv. 19. gr.

27. gr.

1. Frystipönnur í ammoniakkerfum, sem í notkun eru, þegar reglur þessar taka gildi og ætla má, að ekki standist hinn fyrirskipaða raunþrýsting samkvæmt 19. gr., má nota áfram, þó ekki lengur en svo að pönnurnar hafi allar endurnýjaðar innan 5 ára frá gildistöku reglugerðar þessarar og að undangenginni þrýstiprófun með 13 kg/cm² vatnsþrýstingi.
2. Prófun samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar má framkvæma þannig, að úr hverju frystitæki er af handahófi tekin ein þanna til prófunar. Standist sú þanna þrýstiraunina, skoðast allar pönnur þess tækis, sem þannan var tekin úr, hafa sama styrkleika. Þoli þannan hins vegar ekki þrýstiraunina, skulu allar pönnur sama tækis prófaðar eða skoðast ekki hafa staðizt prófun, án þess að vera prófaðar.
3. Hvenær, sem starfsmenn Öryggiseftirlitsins kunna að telja þess þörf á 5 ára tímabili því, sem um getur í 1. málsgr. þessarar greinar, geta þeir krafizt endurtekningar á prófun þeirri, sem um getur í greininni. Þó skal eftir föngum haga prófun þannig, að það trufli reksturinn sem minnst.

28. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum samkvæmt ákvæðum laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23 1. febrúar 1952.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 25. janúar 1965.

Jóhann Hafstein.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100 29. júní 1957, um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Önnur grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga í Hafnarfirði, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Hafnarfirði, og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Hafnarfirði.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa.

2. gr.

Þriðja grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til